

VINNUFERLI

Hver er kveikjan að hugmyndinni? Hvaðan kemur innblásturinn?

Hvað ætla ég að hanna? Fyrir hvaða tækifæri? Hvert er notagildið?

Ætla ég að hanna það fyrir einhvern sérstakan aldursóp, sérstaka manneskju eða annað?

Hvernig ætla ég að vinna að hönnuninni?


Hvenær ætla ég að klára verkið?

Kveikjan að hugmynd minni er ...

Ég hef ákveðið að vinna út frá endurnýtingu og endurvinnslu. Ég bjó í Barcelona á þeim tíma sem ég gerði þetta hönnunarverk og varð fyrir miklum innblæstri þar. Endurnýting er komin vel á veg á Spáni og það sem heillaði mig hvað mest var að á þriðjudögum í mínu nágrenni setti fólk út þau húsgögn, sem það var hætt að nota, fyrir aðra. Þannig gat maður rekist á borð, stól, hillu sem mann langaði í og bara tekið það með sér. Það sem svo enginn vill sækja bílar, bæði frá borginni og frá aðilum sem ætla sér hlutina til endursölu.

Þrátt fyrir alla þá menntun og meðvitund um gróðurhúsaáhrif og mikilvægi þess að halda vel utan um gjafir jarðarinnar heldur fólk áfram, um allan heim, að lifa eins og engin takmörk séu fyrir því plássi og gjöfum sem jörðin veitir okkur. Þess vegna ákvað ég að sýna fram á það, á nýstárlegan hátt, hvernig hægt er að nota endurnýtingu og endurvinnslu í tísku og það með húsgögnum. Ástæðan fyrir því vali var til að vekja athygli á því mikilvæga málefni sem endurvinnsla er og nota þar með óvenjulega leið til þess. Ef það er hægt þá er engin spurning að hægt er að nota hefðbundnari leiðir, eins og notaðan fatnað eða annað sem hverjum og einum dettur í hug, til þess. Það sem einum finnst vera rusl getur öðrum þótt fjársjóður og þess vegna er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því og hendi ekki húsgögnum, fatnaði eða öðru. Hér á landi eru til ótalmargar leiðir til þess að koma þess konar „rusli“ frá sér þannig að aðrir njóti góðs af.

Sköpunarverk mitt er ætlað til þess að vekja fólk til umhugsunar og benda því á mikilvægi þess að ala næstu kynslóðir upp með endurvinnslu og endurnýtingu sem eðlilegan hlut.



Hvað ætla ég að hanna? Fyrir hvaða tækifæri? Hvert er notagildið?

Ég ætla að hanna kvenfatnað sem hægt er að nota við sérstök tækifæri þar sem sá sem ber fatnaðinn vill vekja á sér athygli, t.d. koma fram á góðgerðarsamkomu, tónleikum eða viðburði sem stuðlar að endurvinnslu. Hins vegar vil ég hanna fatnaðinn þannig að einnig sé hægt að nota hann sem samkvæmisklæðnað og við sérstök tilefni eins og árshátíð eða annan viðburð sem krefst þess að maður sé aðeins fínni en í hversdagsklæðnaði.

Ætla ég að hanna það fyrir einhvern sérstakan aldurshóp, sérstaka manneskju eða annað?

Ég ætla ekki að hanna þetta fyrir sérstakan aldurshóp en þessi fatnaður verður að vera fyrir manneskju sem að þorir að vera öðruvísi.

Hvernig ætlar ég að vinna að hönnuninni?

Ég ætla að byrja á því að athuga hvað hefur verið gert áður í tengslum við húsgögn og tísku. Það geri ég með því að skoða á netinu og athuga hvort ég finni eitthvað áhugavert og eitthvað sem veitir mér innblástur. Ég ætla svo að teikna fyrstu hugmyndir að flíkum og byrja að gera tilraunir með það sem ég finn á götum úti og hvernig ég ætla að búa til tískufatnað úr því. Þegar ég er komin með nokkrar hugmyndir ætla ég að velja þær bestu og vinna með þær. Þá þarf ég að búa til snið og finna réttu efnin bæði textíl og húsgögn. Ég ætla mér að læra af mistökunum og gera eins vel og ég get.

Verkefnið er hluti af lokaverkefni mínu við Listaháskóla í Barcelona. Ég valdi eina flík til útskýringar en bjó til fjórar flíkur í raunverulegu efni en línan mín var alls 30 hugmyndir. Hér á eftir mun ég fjalla lítillega um þróun verkefnisins og sýna ykkur þessa þróun frá hugmynd til fatnaðar.




Fyrsta mál á dagskrá var að velja vinnudagbók!

Þessi vinnudagbók er mikilvæg heimild fyrir mig síðar meir og góð til þess að hjálpa mér að muna og halda utan um þær hugmyndir sem ég fæ varðandi verkefnið.



1. Eins og áður sagði ákvað ég að byrja á því að viðað mér upplýsingum og athuga hvort eitthvað þessu líkt hefði verið gert áður. Ég fann ekki mikið af húsgagnafötum en hins vegar ýmislegt sem gat nýst mér í hugmyndavinnu minni.



2. Því næst fór ég reglulega út á þriðjudögum til þess að finna húsgögn sem líkleg væru til þess að ég gæti notað þau í það sem mig langaði til að gera tilraunir með. Ég fann t.d. fatahengi sem ég ákvað að prófa að vinna með. Eins og sjá má á myndunum tókst það bara ágætlega og varð það ein af fjórum flíkum í línunni minni.



3. Nú fór ég að leika mér og gera tilraunir með það sem ég fann.



4. Þá notaði ég í hugstорм og byrjaði að teikna hugsanlegar flíkur út frá tilraunum mínum.



5. Því næst ákvað ég litapallettu (þ.e.a.s. hvaða liti mig langaði að hafa í verkefninu) og hvaða efni mér fannst passa við hugmyndir mínar og bjó mér til hugmyndaspjald eða „moodboard“. Hugmyndaspjald er samansafn af hugmyndum og stemmingu sem maður vill skapa með hönnun sinni.



6. Þegar ég var komin með margar hugmyndir fann ég stól sem vantaði fót á og fór þá að skoða hvað ég gæti gert við hann. Ég fékk þá hugmynd að sneiða einn fótinn eins og brauð þ.e. að fá svona þunna búta sem ég gæti hugsanlega notað í skraut.



7. Þegar ég var búin að gera það og sjá hvernig það kæmi út fór ég að teikna hugmyndir.



8. Því næst ákvað ég hvaða hugmynd ég ætlaði að framkvæma. Ég ákvað að vinna meira með viðarbúta sem voru upprunalega frá stólfæti.



9. Þá teiknaði ég upp fullt af hugmyndum með þessum viðarbútum á og valdi svo eina af þeim hugmyndum til þess að búa til. Þegar ég hafði ákveðið hvað mig langaði að búa til, byrjaði ég að gera snið og prufuflíkur.



10. Þá þurfti að fá módel til þess að máta hvort þetta hentaði þeirri stærð sem ég var að búa til.



11. Nú þegar sniðið var tilbúið þurfti ég að ákveða endanlegt efni. Ég ákvað að nota ullarefni, leður og hrosshár. En mér fannst við hæfi að nota náttúruleg efni í verkefnið þar sem ég vildi hafa það eins umhverfisvænt og mögulegt var.



12. Þá var að teikna fatalínuna og gera tískuteikningar.

13. Það er mjög skemmtilegt að eiga góðar myndir af því sem maður gerir og ég hvet ykkur til þess að fá vinkonu (eða ef þið þekkið módel) til þess að klæðast fatnaði ykkar, eða taka mynd af ykkur sjálfum í því sem þið búið til. Hér er útkoman af minni vinnu.



14. Í lok verkefnis er mjög skemmtilegt að hafa tískusýningu og sýningu á ferlinu sem átti sér stað.



Myndir: 1–8. Vinnuferli Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir. 9. KOLBRUN, Revivify A/W collection 2012–2013, ljósmyndari: María Guðrún Rúnarsdóttir. 10–25. Vinnuferli Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir. 26–27. KOLBRUN, Revivify A/W collection 2012–2013, ljósmyndari: María Guðrún Rúnarsdóttir. 28–31. KOLBRUN, catwalk IED Barcelona 2012.